Nr. 669 20. júní 2008

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 751/2003 um skráningu ökutækja.**

1. gr.

Í stað 2. málsl. 4. mgr. 18. gr. kemur nýr málsliður sem orðast svo:

Skráningarmerki af gerð B, C og D skulu hafa áletrun í tveim röðum, tvo bókstafi og bandstrik í þeirri efri og eftir atvikum, sbr. 4. gr., bókstaf og tölustafi eða tölustafi í þeirri neðri.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. reglugerðarinnar:

a. Í stað orðanna „skráningarmerkis samkvæmt 18.-20. gr.“ í niðurlagi 1. málsl. 1. mgr. kemur: fastanúmer, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.

b. Á undan „íslenskir“ í a-lið 2. mgr. kemur: stórir.

c. Við 2. mgr. bætast við d- og e-liðir sem orðast svo:

d. Á einkamerki af gerð B, C og D, má fjöldi stafa, þrátt fyrir ákvæði í 4. mgr. 18. gr., vera eins og fyrir verður komið með góðu móti.

e. Áletrun skráningarmerkis má ekki vera svo lík áletrun annars skráningarmerkis, sem þegar er í notkun að valdið geti ruglingi.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. reglugerðarinnar:

a. Í c-lið 1. mgr. fellur niður „og“ í enda setningar.

b. Aftan við d. lið 1. mgr. bætist við: geta verið 0,75 mm þykkar segulmottur, án upplyftra flata.

4. gr.

Reglugerðin er sett með heimild í 60., 64. og 64. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987 og öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 20. júní 2008.*

**Kristján L. Möller.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 7. júlí 2008